

Svifbraut á Esju

Samantekt um ferli málsins í tímaröð – frá sjónarhóli Íbúasamtaka Kjalarness

5. ágúst 2016

Fjármálaráðuneytið og Reykjavíkurborg hafa staðið í viðræðum í um þrjú ár um milligöngu um leigu á landi undir kláf og þjónustustöðvar í Esju, innan marka „Græna trefilsins“. Um er að ræða:

- svifbraut sem á að flytja um 150.000 ferðamenn árlega á topp Esju, sem skilgreint hefur verið sem óbyggt svæði með „miðlungs eða lítið útivistarþol“
- möstur sem eru 37–45 m há og munu sjást í 10–12 km fjarlægð
- 1.000–1.500 fm bygging, 15 m á hæð, á upphafsstöð, 800–1.000 fm bygging í miðju Esju, í 470 m y.s. (á Rauðhól), einnig 15 m á hæð, og 300–500 fm bygging á toppi Esju, austan Þverfellshorns
- veg upp að 480 m y.s. sem mun sjást í 12 km fjarlægð
- efnisþörf framkvæmda upp á 10.000–17.000 rúmmetra
- beint rask á trjágróðri sem þarf að fjarlægja af lóðunum, sem og öll tré sem lenda í brautinni (40 m breitt belti) og eru yfir 5 m á hæð
- „fordæmalaus framkvæmd“, skv. Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur, sem telur að hætta á slysum og/eða mengun verði að teljast allveruleg



Myndin sýnir legu svifbrautarinnar (mynd frá www.esjuferja.is), en ekki byggingar í réttum hlutföllum og ekki heldur veginn sem á að liggja upp að millistöðinni.

Lóðaleigusamningur liggur nú fyrir og stendur undirritun af hálfu borgarráðs til í ágúst. Með samningnum er land tekið af Skógrækt ríkisins og leigt til Reykjavíkurborgar. Í samningnum er gerður fyrirvari um að framkvæmdin standist umhverfismat og að skipulagsbreytingar verði gerðar. Hins vegar er ekki gerður fyrirvari um vilja íbúa Reykjavíkur.

Forsaga málsins

Hinn **24. júní 2013** óskaði Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar í bréfi til borgarráðs eftir þremur lóðum undir mannvirki í hlíðum Esju vegna fyrirhugaðrar farþegaferju á vegum Esjuferju ehf. Eigendur Esjuferju ehf. eru Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar, Landslag ehf., Batteríð Arkitektar, Veðurvaktin og VSÓ, en í þeim hópi eru fyrirtæki sem hafa unnið að skipulagsmálum fyrir borgina.

Erindið var tekið fyrir þremur dögum síðar, á fundi borgarráðs hinn **27. júní 2013** (<http://reykjavik.is/fundargerð/fundur-nr-5274>), þar sem því var vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar og menningar- og ferðamálasviði.

Borgarráðsfundur **19. september 2013** (<http://reykjavik.is/fundargerð/fundur-nr-5282>):
10. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 12. september 2013, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 11. september 2013 (<http://reykjavik.is/fundargerð/fundur-nr-33>), á umsögn skipulagsfulltrúa um lóðir í hlíðum Esju vegna farþegaferju. R13060116. Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúi Vinstri grænna leggur fram svohljóðandi bókun:

„Borgarráðsfulltrúi Vinstri grænna gerir ekki athugasemdir við veðurmælingar á staðnum. Engu að síður er hér um stórt álitamál að ræða og áður en lengra er haldið verður að taka afstöðu til flókinna spurninga, m.a. um aðgengi allra að náttúrunni, um verðmæti og gildi Esjunnar og hvort rétt sé að framkvæmdin, ef skynsamleg þykir, sé unnin af einkaaðilum.“

Á borgarráðsfundi **13. mars 2014** (<http://reykjavik.is/fundargerð/fundur-nr-5307>) var lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 3. febrúar 2014, þar sem lagt er til að borgarráð heimili samningaviðræður við ríkið um leigu á þremur tilteknum lóðum í hlíðum Esju. R13060116. Samþykkt. Borgarráðsfulltrúi Vinstri grænna situr hjá við afgreiðsu málsins.

Í **júlí 2014** sendi VSÓ Skipulagsstofnun fyrirspurn um matsskyldu.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur skilaði umsögn **5. ágúst 2014**, þar sem m.a. er bent á að tvær þjónustumiðstöðvar muni liggja á „svæði sem í öllum skipulagsáætlunum er skilgreint sem opið, óbyggt svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir byggingum eða fyrirferðarmiklum mannvirkjum [innan marka græna trefilsins]. Efsti hluti Esjunnar hefur í deiliskipulagi verið skilgreindur með lítið útivistarþol []. Tilkoma svifbrautar mun breyta útliti, hlutverki og ímynd Esjunnar og ígrunda þarf vandlega heildaráhrif framkvæmdarinnar á náttúru og samfélag. Þörf er á heilsteyptri og faglegru umræðu um heildarskipulag og hlutverk svæðisins með samráði við hagsmunaaðila og almenning. [] Hætta á slysum og/eða mengun verður því að teljast allveruleg. [] Esjan er eitt best þekkta landslagskennileiti á höfuðborgarsvæðinu ef ekki á landinu öllu. Stórfelldar breytingar á ásýnd Esju verða því að teljast umtalsverð áhrif á landslag höfuðborgarsvæðisins.“

7. ágúst 2014 Umhverfisstofnun skilar umsögn þar sem m.a. segir að stofnunin telji „að helstu áhrif umræddrar framkvæmdar gætu orðið neikvæð áhrif á landslag vegna bygginga í hlíðum Esju og neikvæð sjónræn áhrif vegna bygginga, vegagerðar og byggingar mastra“.

https://www.ust.is/library/Skrar/Umsagnir/.../Esja_070814.pdf

BS-ritgerð í **maí 2015**: Útivistar- og ferðamannaaðstaða í hlíðum Esju:

http://skemman.is/stream/get/1946/22077/51528/1/BS_GKO_minni.pdf

5. júní 2015 sendi VSÓ samantekt á breytingum til Skipulagsstofnunar.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur (seinni umsögn) **18. júní 2015:** „Þótt áætlað rask á framkvæmdasvæði sé minna í nýrri tillögu í samanburði við þá eldri breytir það því ekki að verndargildi svæðisins hefur ekki verið metið sérstaklega í heild og einkum vantar mat á efsta hluta Esju.[] Í fyrri umsögn USKR kom fram að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar væru sennilega þau umhverfisáhrif sem munu skipta mestu máli og vera umdeildust.[] skoða þarf mjög gaumgæfilega þau samfélagslegu áhrif sem miklar ásýndarbreytingar á Esjunni gætu haft í för með sér. Þá þarf að horfa til ýmissa samfélagshópa.“ Vísað er í nýrri tillögu „og er hún alveg án aðkomuvegar“. Í niðurstöðunni segir m.a.: „dregið verður úr raski [] með brotthvarfi aðkomuvegar [Í drögum að samningi milli fjármálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar (des. 2015, sjá hér að neðan) er aftur á móti heimilt að styrkja núverandi slóð upp að 480 my.s.], en eins og segir í fyrri umsögn USKR er um fordæmislausu framkvæmd að ræða. [] Þá hlýtur framkvæmd sem þessi að kalla á vandlega endurskoðun á notkun Esjusvæðisins í heild og breytingar á skipulagi svæðisins“.

Skipulagsstofnun tekur hinn **24. júlí 2015** ákvörðun um matsskyldu (<http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1083/201309043.pdf>).

Þar segir m.a.:

- Hætta á slysum og/eða mengun verður því að teljast allveruleg.
- Ljóst er að töluvert ónæði mun skapast af starfsemi svifbrautar á Esju, sérstaklega sjónmengun og ónæði af aukinni umferð fólks um svæðið.
- Óafturkræft jarðrask verði á allmörgum stöðum í kringum möstur, þjónustustöðvar og bílastæði.
- Ásýnd svæðisins mun breytast bæði í nálægð og fjarlægð.
- Verndargildi svæðisins hefur ekki verið metið að fullu í deiliskipulagi og þörf á frekari rannsóknum varðandi náttúruminjar svæðisins.
- Skoða þurfi mjög gaumgæfilega þau samfélagslegu áhrif sem miklar ásýndarbreytingar á Esjunni gætu haft í för með sér.
- Kanna þurfi hver verði neikvæð áhrif á upplifun þeirra sem nú ganga á Esju og hvort svifbrautin gæti dregið úr áhuga fólks á að ganga fjallið.
- Það er óljóst hvernig aðskilja á gesti svifbrautarinnar frá öðrum gestum á svæðinu.

6. nóvember 2015 sendu Ríkiseignir drög að samningi um lóðarleigu milli Reykjavíkurborgar sem leigutaka og Ríkissjóðs Íslands sem leigusala fjórum aðilum til umsagnar, þ.á.m. Skógrækt ríkisins. Þar segir: „Samningsdrög þessi eru langt komin. [] Á lóðunum er kvöð um bílastæði [] Einnig skal leigutaki kosta gerð stíga sem leggja þarf um svæðið eða lagfæringar á núverandi björgunarleiðum. Heimilt er að leggja vegslóða í umferðarleið kláfs sem þarf að vera greið [] Heimilt er að leggja undir stíginn leiðslur fyrir rafmagn og vatn og fráveitu [þó svo að talað sé um rotþrær í umsókninni] eins og vegslóði sem liggur [meðfram Kollafjarðará] upp í um 480 metra hæð, örskammt frá lóð C. Heimilt er að styrkja þennan veg og nota til efnisflutninga á framkvæmdatíma og sem lokaðan þjónustuveg á rekstrartíma [].“ Hjalagður uppdráttur er unninn af Landslagi ehf., einum eigenda Esjuferju ehf. (*Hér er þannig ekki um „brotthvarf aðkomuvegar“ að ræða, sbr. bréf VSÓ til Skipulagsstofnunar 5. júní 2015, og erfitt er að sjá að takmarkanir á notkun vegar myndu draga úr raski.*)

Á borgarráðsfundi hinn **19. nóvember 2015** (<http://reykjavik.is/fundargerð/fundur-nr-5386>) var „lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 16. nóvember 2015, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að heimila skrifstofu eigna og atvinnuþróunar að

staðfesta leigusamning við ríkið um leigu á þremur lóðum í Esjuhlíðum með þeim fyrirvörum að rekstraraðili taki yfir samningsskuldbindingar Reykjavíkurborgar, að samþykktar verði breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi svæðisins og að umhverfismat framkvæmdarinnar verði jákvætt. Einnig er óskað eftir heimild borgarráðs til að leita eftir aðila til að reka farþegaferju í Esjuhlíðum, þegar og ef liggur fyrir að slíkur rekstur sé fýsilegur.

Greinargerð fylgir málinu og lóðarleigusamningsdrög um landspildur í Esjuhlíðum undir farþegaferju. R13060116 Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Vinstri grænna og Framsóknar og flugvallarvina sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

„Fallist er á að heimila staðfestingu leigusamnings við ríkið um þrjár lóðir í Esjuhlíðum en hnykkt er á fyrirvörum borgarráðs m.a. um jákvæða niðurstöðu umhverfismats og breytingar á skipulagsáætlunum. Einnig er farið fram á að skrifstofa eigna og atvinnuþróunar leggi tillögu að auglýsingu eftir rekstraraðila fram til samþykktar borgarráðs þegar málið er komið á það stig.“

Talað er um að „leita eftir aðila til að reka farþegaferju, þegar og ef liggur fyrir að slíkur rekstur sé fýsilegur“. Hver á að reka ferjuna þangað til? Ekki er talað um hver á að sjá um framkvæmdina, þó svo að málið hafi hafist 2013 með því að Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar óskaði í bréfi til borgarráðs eftir lóðum vegna fyrirhugaðrar farþegaferju á vegum Esjuferju ehf. Ekki er líklegt að núverandi eigendur Esjuferju ehf. (Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar, Landslag ehf., Batterúð Arkitektar, Veðurvaktin og VSO) ætli sér að reka farþegaferju.

14. desember 2015 Skógrækt ríkisins mótmælir í umsögn sinni hvers kyns áformum um einhliða skerðingu á afnotum hennar á landi jarðarinnar Mógilsár.

Skógrækt ríkisins hefur haft afnot af jörðinni Mógilsá frá árinu 1963. Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur frá árinu 2000 haft samning (til ársins 2025) um afnot þess lands sem til stendur að leigja Reykjavíkurborg. Skógrækt ríkisins hefur á síðari stigum hætt öllum mótmælum (og hefur líklega ekki lengur afnot af landinu) eins og Skógræktarfélag Reykjavíkur sem fær greiddar 50 milljónir króna. Hins vegar var samningur ríkisins við Stofnfisk nýlega endurnýjaður til tíu ára og ábyrgist ríkið hreint vatn úr Esju, sem starfsemi þriggja stöðva fyrirtækisins er háð. Samt er hugað að því að leigja Reykjavíkurborg landið undir byggingarstarfsemi þar sem „hætta á mengun verður að teljast allveruleg“, skv. umsögn Reykjavíkurborgar til Skipulagstofnunar.

Hinn **17. febrúar 2016** óskuðu íbúar í Kollafirði eftir upplýsingafundi um stöðu væntanlegra framkvæmda í Esju, um samþykktir borgarráðs í erindinu, hvers vegna borgin á að hafa milligöngu, drögin að leigusamningnum o.fl., áður en samningur væri undirritaður. Fundur hefur ekki enn verið haldinn.

Björn Ingi Edvardsson, verkefnisstjóri á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur, svaraði fyrst að ekkert væri í gangi, en skrifaði svo: „Ég mun hafa samband við skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar sem fyrst og athuga hvort þeir geti fundað með okkur sem fyrst er varðar verkefnið um mögulega kláf og svifbraut í Esjuhlíðum.“ Ekkert gerðist hins vegar og **7. mars 2016** svarar Björn Ingi ítrekun: „Eftir samtal við SEA, skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar, þá sökum anna verður ekki hægt að funda með íbúum í Kollafirði, fyrr en eftir páska og þá í apríl nk. (vonandi fyrir miðjan mánuðinn) og þá jafnvel með þeim aðilum sem hafa verið uppi með hugmyndir um að þróa kláfaverkefni í Esjuhlíðum. [] Ef ráðuneytið og borgin ná samningum

þá þurfi að breyta aðalskipulagi, deiliskipulagi og framkvæma mat á umhverfisáhrifum, og í öllum þessum þáttum þá er gert ráð fyrir aðkomu íbúa. Borgarráð hefur samþykkt að SEA reyni að vinna þennan leigusamning til þess að hægt sé að skoða þessi atriði (aðalskipulag, deiliskipulag og mat á umhverfisáhrifum).“

Íbúar ítreka að óskað sé eftir fundi um skipulagsmál, en að ekki sé ástæða til þess að fá framkvæmdaaðila á fundinn. Björn Ingi skrifar svo hinn **18. apríl 2016**: „Verðum að bíða eftir [að samningar hafi náðst] og í kjölfarið halda fund með ykkur og jafnvel þá boðað þá aðila sem hafa sýnt verkefninu áhuga að koma til þess að kynna sínar hugmyndir. Vonandi gengur þetta eftir sem fyrst, við vorum að spá í apríl.“ (Ekkert hefur enn gerst.)

10. mars 2016 Hverfisráð Kjalarness kallar eftir upplýsingum og gögnum um fyrirhugaðan kláf. (<http://reykjavik.is/fundargerð/fundur-nr-138-5>)

2. maí 2016 Símtal við Árna Finnsson, formann Náttúruverndarsamtaka Íslands, sem bendir á Skipulagsstofnun á þessu stigi málsins. Símtal við Sigurð Ásbjörnsson, sérfræðing á sviði umhverfismats hjá Skipulagsstofnun, og greinargerð send samdægurs (einnig til Jakobs Gunnarssonar, sérfræðings á sviði umhverfismats hjá Skipulagsstofnun).

2. júní 2016 Kæra til umboðsmanns borgarbúa. Afrit sent formanni borgarráðs, S. Birni Blöndal, samdægurs.

22. júní 2016 var haldinn fundur hverfisráðs Kjalarness. Kynntar voru hugmyndir um svífbraut við Esju af Arnþóri Þórðarsyni f.h. Esjuferju, Óla Erni Eiríkssyni f.h. skrifstofu eigna og atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg og Birni Inga Edvardssyni f.h. Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Ákveðið var að halda aukafund og semja umsögn.

4. júlí 2016 Aukafundur hverfisráðs Kjalarness:

Lögð var fram eftirfarandi bókun hverfisráðsins um landnot og lóðaleigu í Esjuhlíðum undir rekstur kláfs milli Reykjavíkurborgar sem leigutaka og Ríkissjóðs Íslands sem leigusala:

„Hverfisráð Kjalarness telur að áður en ráðist er í svo stórt verkefni sem Esjuferjan er, þar sem fyrirhugað er að setja upp kláf sem tekur allt að 80 manns, sé mikilvægt að skoða fyrst fjölbreyttar hugmyndir um uppbyggingu þessa útivistarsvæðis og hafa gott samráð við nærsamfélagið og hagsmunaaðila, s.s. íbúa í næsta nágrenni við Mógilsá, atvinnurekendur á staðnum og aðra íbúa borgarinnar. Þess má geta að íbúar á svæðinu hafa ítrekað óskað eftir fundi með skipulagsyfirlöndum um málið án árangurs.

Hverfisráðið telur ekki tímabært að Reykjavíkurborg undirriti samkomulag um leigu á landi af ríkinu til þessa tiltekna verkefnis þar sem fyrrgreind hugmyndavinna og samráð hefur ekki farið fram. Undirritun leigusamnings af hálfu Reykjavíkurborgar er á þessu stigi máls of stórt skref í átt að samþykki verkefnisins.

Hverfisráðið mótmælir því harðlega að borgin gangi erinda einkafyrirtækis sem hefur mjög einsleita sýn á uppbyggingu útivistarsvæðis við Mógilsá þar sem risastór kláfur sem borinn er uppi af að minnsta kosti 37 metra möstrum og hugsanlega mun hærri, ásamt byggingu þjónustumiðstöðvar á Rauðhóli er þungamiðja tillögunnar. Hverfisráðið hvetur borgaryfirlönd til að horfa til framtíðar og ef til stendur að fara í uppbyggingu svæðisins við Mógilsá að efna til samkeppni um útivistarmöguleika í Esjuhlíðum þar sem saman fer óspillt náttúra, fegurð og ásýnd Esjunnar og auknir möguleikar borgarbúa og annarra til útivistar á og við fjallið.

Kláfurinn og þær fyrirhuguðu, óafturkræfu framkvæmdir sem honum fylgja skv. leigusamningi munu hafa mikil áhrif á landsvæðið við Mógilsá og valda því að svæðið, sem er eitt það fallegasta á Esjunni, verður ekki sama náttúruperlan því kláfurinn mun liggja við og yfir svæðið þar sem nú þegar eru fjölfarnir göngustígar og skógurinn er hvað þéttastur.

Gönguleiðir á og við Esjuna í landi Mógilsár hafa um lengri tíma verið eitt af vinsælustu útivistarsvæðum höfuðborgarbúa og Esjan er eitt helsta kennileiti borgarinnar. Því er mikilvægt að horft sé til framtíðar ef breyta á skipulagi svæðisins og að tekið sé sérstakt tillit til:

- umhverfis s.s. landslags og gróðurs,
- þarfa og upplifunar þeirra sem nú þegar nýta svæðið til útivistar, og
- ásýndar Esjunnar sem stendur íbúum á höfuðborgarsvæðinu afar nærri.

Hverfisráð Kjalarness tekur undir umsögn Umhverfisstofnunar dags. 7. ágúst 2014 þar sem m.a. segir að stofnunin telji „að helstu áhrif umræddrar framkvæmdar gætu orðið neikvæð áhrif á landslag vegna bygginga í hlíðum Esju og neikvæð sjónræn áhrif vegna bygginga, vegagerðar og byggingu mastra.“

Hverfisráðið tekur einnig undir sjónarmið Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur dags. 18. júní 2015 þar sem fram kemur í seinni umsögn sviðsins um rekstur Esjuferju að skoða þurfi mjög gaumgæfilega þau samfélagslegu áhrif sem miklar ásýndarbreytingar á Esjunni gætu haft í för með sér.“

6. júlí 2016 Málið tekið af dagskrá á borgarráðsfundi og því frestað fram í ágúst.

19. júlí 2016 voru Íbúasamtök Kjalarness endurvakin (formaður Sigþór Magnússon) og málið sett efst á dagskrá samtakanna.

Á fundi borgarráðs **21. júlí 2016** var fundargerð hverfisráðs Kjalarness frá 4. júlí 2016 lögð fram. Borgarráðsfulltrúar Framsóknar og flugvallarvina og Sjálfstæðisflokks lögðu fram svohljóðandi bókun:

„Framsókn og flugvallarvinir hvetja meirihlutann til að taka fullt tillit til bókunar hverfisráðs Kjalarness við áframhaldandi vinnslu verkefnis um Esjukláf. Mikilvægt er fyrir meirihluta borgarstjórnar sem gefur sig út fyrir samráð og samstarf á öllum sviðum að þeir sýni það í verki að þeir vinni viðkvæm verkefni um breytingar á ásýnd helstu náttúruperla borgarinnar í nánú samstarfi og samráði við nærumhverfið.“

Framkvæmdin er að miklu leyti innan marka Græna trefilsins!

Um Græna trefilinn – til hliðsjónar

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001–2024:

„Þess vegna er það meginregla að ekki verði reist frekari byggð innan „græna trefilsins“ [] Almenn frístundaiðja krefst í grundvallaratriðum hvorki bygginga né annarra mannvirkja en göngustígakerfis. Það getur verið gagnlegt að styðja við almenna frístundaiðju á tilteknum stöðum. Það má gera með því að setja upp mannvirki þar sem veittar eru upplýsingar, veitingahús, söluturna, bifreiðastæði og aðstöðu til útleigu á alls kyns frístundabúnaði.

Þessum mannvirkjum þarf að velja stað með hliðsjón af notkun en meginreglan er sú að þau skuli staðsetja á jöðrum „græna trefilsins“ með góðri vegtengingu. []

Auk þess, sem framan greinir, getur komið til álita að reisa eftirtaldar byggingar og mannvirki innan „græna trefilsins“ í takmörkuðu mæli. Þessi mannvirki skulu þó ávalt staðsett í jaðri „græna trefilsins“ með góðum vegtengingum:

- Þjónustu- og upplýsingamiðstöðvar fyrir svæðin
- Garðyrkju- og skógræktarskóli
- Farfuglaheimili
- Hvíldarheimili
- Skemmtigarðar
- Aðstaða fyrir skipulagða frístundaiðju (t.d. golfvöllur)
- Byggðasafn
- Hesthús

Það er skýrt skilyrði að ekki verði tekið land undir ofangreinda starfsemi umfram það sem nauðsyn ber til og að ekki verði reistar byggingar og mannvirki sem spilla umhverfi“ (Bls. 59–60)

Ennfremur segir í svæðisskipulaginu: „Almennt er ekki gert ráð fyrir að skipulögð verði ný svæði fyrir sumarbústaði og aðra frístundabyggð í námunda við þéttbýlið á svæðinu sunnan Esju.“ (Bls. 58)

Breytingatillögur vegna endurskoðunar aðalskipulags Reykjavíkur, 3. júní 2011 (unnar m.a. af VSÓ Ráðgjöf, sem á hlut í Esjuferju ehf.):

14. Græni trefillinn – afmörkun

Gerðar eru lagfæringar á afmörkun Græna trefilsins á nokkrum svæðum, einkum á Kjalarnesi, m.a. til samræmis við gildandi aðalskipulag Reykjavíkur.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010–2030 (samþykkt 26. nóvember 2013)

20. júní 2011 *Endurskoðun aðalskipulagsins 2001–2024*

29. Græni trefillinn – afmörkun

Gerðar eru lagfæringar á afmörkun Græna trefilsins á nokkrum svæðum, einkum á Kjalarnesi. Stefna um Græna trefillinn óbreytt.

Ágúst 2011 Græni trefillinn – breytt skilgreining auglýst: „einfalda orðalag [] nánari skilgreining landnotkunar [] heimild um tímabundna losun ómengaðs jarðvegs á svæðinu [] Tillagan felur ekki í sér breytingar á meginmarkmiðum um græna trefillinn né breytingar á landfræðilegri afmörkun hans.“

Gildandi skipulag borgarhluta

Nánari lýsing stefnu og leiðbeinandi markmið um þróun og uppbyggingu í borgarhlutunum (B-hluti aðalskipulagsins)

Heimilt er að reisa byggingar og mannvirki sem tengjast skipulagðri útivistar- og frístundaiðju innan græna trefilsins. Það er skýrt skilyrði að ekki verði tekið land undir slíka starfsemi umfram það sem nauðsyn ber til og að ekki verði reistar byggingar og mannvirki sem spilla umhverfinu. (Bls. 300)